

Þar sem mál þetta í hjerði hefur verið rekið og dæmt sem lögreglumál, án þess sáttarumleitun hafi fram farið í því fyrir hlutaðeigandi lögskipaðri sáttanefnd, þá er svo löguð málsmeðferð ólögþæt, sbr. inn- gang tilskipunar 15. ágústmán. 1832, og ber því að dæma hjeradsdóminn og alla meðferð málsins í hjerði ómerkt og að vísa málinu frá lögreglurjettinum. — Máls- kostnaður á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjerði skal vera ómerkt, og vísast málinu frá lög- reglurjettinum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn hinn 13. maímán.

Nr. 5/1889

Jón Ólafsson

gegn

Benedikt Gröndal.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingsrjetti Reykja- víkur af hinum stefnda Benedikt fyrrum adjunkt Grön- dal gegn alþingismanni Jóni Ólafssyni út af meiðyrðum og skömmum í riti einu eptir Jón Ólafsson, sem kom út hjer í Reykjavík 1888 og sem nefnt er: «Eitt orð af viti um vesturfara og Vesturheimsferðir — Benedikt Gröndal afklæddur, hirtur og settur í gapastokkinn». Jón Ólafsson höfðaði gagnsök á hendur Benedikt Gröndal út af ýmsum ummælum í riti einu eptir B. Gröndal: «Um Vesturheimsferðir», sem einnig kom út 1888 og sem Jón Ólafsson taldi meiðandi fyrir sig.

Málið var dæmt fyrir bæjarþingsrjettinum 3. jan.

p. á. með þeim úrslitum, að Jón Ólafsson skyldi greiða 400 króna sekt í landssjóð, eða sæta 4 mánaða einföldu fangelsi, væri sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða 10 kr. sekt í landssjóð fyrir brot gegn sáttalöggjöfinni. Og loks voru öll meidandi orð og ummæli hans um B. Gröndal í hinu átalda riti dæmd dauð og ómerk. Á hinn bóginn var Benedikt Gröndal dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Jóns Ólafssonar í gagnsökinni að því er snerti ummæli Gröndals um vesturfara í hinu átalda riti hans «Um Vesturheimsferðir», en að öðru leyti var gagnsökinni vísað frá dómi. Málskostnað í aðal- og gagnsökinni skyldi Jón Ólafsson greiða Benedikt Gröndal með 30 kr.

Þessum dómi hefur alþingismaður Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. jan. p. á., og þar krafizt: *Fyrst og fremst*: að áfrýjandi verði í aðalsökinni dæmdur sýkn af kröfum og kærnum hins stefnda, en að í gagnsökinni verði hin átöldu ummæli stefnda dæmd dauð og ómerk og hann látinn sæta fangelsi eða sektum fyrir að hafa viðhaft þau, svo og dæmdur til að greiða áfrýjanda bætur fyrir «Tort og Credit-spilde», að minnsta kosti 1000 kr., en *til vara*: að ummæli málspartanna hvors um annan í hinum tilvitnuðu ritum verði látin að öllu leyti fallast í fadma, þannig að þeir í aðal- og gagnsök verði sýknadír hvor af annars kærnum og kröfum, og loks hefur hann krafizt, að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða allan kostnað bæði af aðal- og gagnsökinni fyrir undirdómi, og allan áfrýjunarkostnað að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins.

Hinsvegar hefur hinn stefndi, Benedikt Gröndal krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Þau orð og ummæli, sem hinn stefndi hefur sjerstaklega átalíð eru þessi:

«sat Gröndal í Kaupmannahöfn, leigður af stjórninni til að gefa út «Gefn» og skamma út í henni alla landa sína, sem fylgdu fram sjálfstjórnarrjetti Íslands» — «þegar hann hafði þjónað stjórninni, sem hann hafði selt sig þá nógu lengi, veitti hún honum, hálfmenntuðum «Ærutobba» og fordrukknum hringlandagarmi, kennaraembætti hjer við skólann, sem hann þjónaði með skömm í 8 ár og drakk sig svo frá» — «er handhægt fyrir gamalt sölukvikfje stjórnarinnar að kalla mig óróasegg» — «Gröndal lýgur, marglýgur», — «er það heiðarlegt að selja úr sjer trúna, þegar maður nennir ekkert ærlegt vik að gjöra» — «þessi uppgjafahræða, þetta siðferðislega protaflak» — «þessi ólánsgarmur, sem aldrei hefur sjáanlega haft neina sannfæringu nema «til sölu» hæstbjóðanda — sem aldrei hefur annað verið en illa hálfmenntaður «Ærutobbi» — «en liggur nú upp á landssjóði með eptirlaunapremíu fyrir að drekka sig úr embætti, sem hann aldrei var hæfur til að hafa á hendi, og snýkir árlega þar að auki ærið fje úr landssjóði fyrir tómt «humbug» — «það hefur verið undarleg miskun, sem allir hafa sýnt Gröndal til þessa, að enginn hefur tekið hann og afklætt hann, sýnt fáfræði hans og samvizkuleysi í að berja fram blákalda lýgi» — «Maður, sem þannig skeytir að engu sannleikanum, en ber fram bláköld ósannindi móti betri vitund, sem eins og Gröndal hefur alla sína æfi selt sig hverjum sem hafa vildi til hins og þessa, fyrst Djunka, síðan Íslendingum í Höfn, sem gáfu honum að eta og drekka,

síðan dönsku stjórninni til að skamma út Íslendinga, og nú síðast forskrifað sig til þess «Vonda» til að skamma út Vesturheim, vesturfara og allt, sem fólksflutningum við kemur, sá maður hefur bitið svo höfuð af allri skömm, að engum manni með viti ætti að detta í hug að festa trúnað á einu hans orði «— «Hann verður í bezta lagi að skoðast sem ótilreiknanlegt fiðl «— «Þegar Gröndal byggir sína lýginnar loptkastala» — «annað eins fiðl og Benedikt Gröndal».

Af þeim orðum, sem áfrýjandi hefur átalíð í gagnsökinni fyrir undirdómi sem meiðandi fyrir sig, hefur hann sjerstaklega tilgreint þetta:

«óróamenn og ekkert fengizt til að gjöra hjer, svo einu gilti hvar þeir fóru», «uppgjafahræður», «mannaverzlun», «tælandi landalýsingar fullar af lygum og ýkjum», «blóðpeningar», «lygavefur», «þessir aumingjar, vörurnar í þessari nýstofnuðu mannaverzlun», «hver sem vill lognast út af hjálparlaus og allslaus, hvað svo sem útflutningsstjórnir segja og kunngjöra», «gíningum vesturfaraþostulanna».

Að því fyrst kemur til aðalmálsins, þá ber ritlingur sá, er það er risið út úr, það ljóslega með sjer, að hann, að því hann rædir um stefnda, er saminn í því skyni að óvirða, ófrægja og gjörsamlega að hnekkja virðingu hans og mannorði, og ummæli þau, sem eru í honum við höfð um stefnda, eru svo freklega meiðandi og óvirðandi, sem mest má verða, og áfrýjandinn hefur engin rök fært að því, að þessi ummæli eigi við neitt að styðjast að því einu undanskildu, að hann virðist hafa fært sönnur á, að drykkjuskapar-óregla Gröndals hafi gefið tilefni til, að hann sleppti kennaraembætti

sínu. Öll hin önnur meiðandi ummæli ritlingsins ber því eptir kröfu stefnda að dæma dauð og ómerk, eins og gjört er í hinum áfrýjanda dómi, og dæma áfrýjanda í hegning samkvæmt 218. sbr. við 217. og 219. gr. hegningarlaganna, og þykir hegning hans hæfilega metin í undirdóminum — en honum hefur ekki verið gagnáfrýjað — 400 kr. sekt til landssjóðs, en verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma komi í stað hennar einfalt fangelsi í 120 daga. — Að því kemur til skaðabótakröfu stefnda fellst yfirdómurinn á ákvæði undirdómsins, og svo er og um það, að undirdómarinn ekki hefur sinnt kröfu stefnda um ómerking á nokkrum orðum í varnarskjali áfrýjanda fyrir bæjarþinginu 27. sept. f. á. eða um að hann verði sektaður fyrir. Einnig fellst yfirdómurinn á, að áfrýjanda er samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819 gjörð sekt fyrir það, að hann ekki, þótt hann væri löglega tilkallaður, kom á sáttfund, og þykir upphæð hennar hæfilega sett 10 kr., er greiðist í landssjóð. — Að því þvínæst kemur til gagnsakarinnar, þá ber fyrst að geta þess, að ummæli þau um útflutningaagenta í riti stefnda, sem áfrýjandi hefur á talið, eru eigi kærð fyrir sáttanefnd, og ber því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að vísa gagnsökinni að því leyti frá dómi. Koma því einungis til álita þau ummæli, sem snerta vesturfara og sem áfrýjandi hefur á talið sem meiðandi fyrir sig. — Áfrýjandi er ekki nefndur á nafn í ofanumgetnu riti stefnda, enda hefur hann neitað því, að hann hafi átt við áfrýjanda, og jafnvel haldið því fram, að honum hafi ekki komið hann til hugar þegar hann samdi ritið. Þegar nú litið er á rit Gröndals í heild sinni, þá virðist það vera samið í þeim tilgangi að reyna til að stemma stigu

fyrir mannaútflutningum hjeðan úr landi, en ekki í þeim tilgangi að meiða neinn mann, og að því snertir ummæli hans um vesturfara, sjerstaklega þetta, «að þeir verði að skoðast sem uppgjafahræður, er lagt hafi árar í bát og yfirgefið þá, sem berjast fyrir frelsi og fósturjörð», þá geta þau ekki hafa verið rituð til áfrýjanda, sem fyrir mörgum árum er kominn heim aptur og um allmörg ár hefur verið alþingismaður, og um hann verður ekki sagt, að hann hafi lagt árar í bát o. s. frv., og hafði hann því enga ástæðu til að taka þau til sín. — Það er því rjett, að undirdómarinn hefur sýknað stefnda af kærnum og kröfum áfrýjanda í gagnsökinni.

Samkvæmt áðursögðu og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnaðargreiðslu ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. — Fyrir yfirdómi fellur málskostnaður niður, með því að hans hefur eigi verið krafizt af stefnda.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að sje hin ídæmda 400 kr. sekt eigi öll greidd í ákveðinn tíma, kemur í stað hennar 120 daga einfalt fangelsi. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.